

Fundur 22.jan. 2013

Mættar voru Edda, Fríða, Guðlaug, Helga Kristín, Margtét, Ólína, Rut, Sigurlína og Valgerður

Rætt var um breytingar á skóladagatali. Leikskólinn hefur farið fram á að flytja starfsdag 24. apríl til 29. apríl. Þetta er vegna námsferðar sem starfsfólkið er að fara í. Ákveðið að gera eins í grunnskólanum.

Sagt var frá „hundaverkefni“ sem er samstarfsverkefni grunnskólans og Selsins. Nemendur, sem eru slakir í lestri, fara út í Sel í fylgd sérkennara og lesa þar fyrir vel valda hunda sem hlusta á þá. Eigendur hundanna eru einnig á staðnum. Þetta er byggt á bandarísku verkefni sem heitir READ.

Rætt var um opnun á Facebook og öðrum álíka miðlum. Stjórn foreldrafélagsins er mótfallin því að nemendur í Való fái að koma með sínar eigin tölvur í skólann og geti komist þar inn á þráðlaust net. Annað gildi um t.d. facebook sem verið er að nota sem kennslutæki. Valla sagði frá því hvernig hún notar facebook með sínum nemendum í 9. og 10. bekk. Bagalegt að það skuli vera lokað fyrir starfsfólk. Nauðsynlegt að opna. Nemendur eru ekki eftirlitslausir í tölvum. Aftur á móti eiga margir nemendur á unglíngastigi snjallsíma og komast inn á netið í þeim. Þarf að kenna þeim hvernig á að umgangast þessar síður í stað þess að banna þær.

Skipulag á öskudegi í Mýró verður með sama sniði og undanfarið. Selið sér um tunnuna og Margrét ætlar að fá einhvern til þess að stjórna skemmtuninni í salnum. Foreldrafélagið sér um að fá töframann.

Farið var yfir sendingar til foreldra um námskeið sem haldin eru í skólanum en eru ekki á vegum skólans. Það hefur verið sendur töskupóstur um þessi námskeið. Skiptar skoðanir á því hvað eigi að senda og hvað ekki. Skólinn þarf að móta sér stefnu.

Valla ræddi um að hún hefði áhuga á að mynda tengslanet foreldra. Það var vel tekið í það og mun hún hitta stjórn foreldrafélagsins fljótlega.

Næsti fundur er áætlaður eftir 4 vikur.

Ritari Ólína Thoroddsen